NONSET 400 FF

Frostþolin þanmúrblanda fyrir viðgerðir á grunnum og steinsteypu





EN 1504-3 R3

NOTKUNARSVIÐ

Nonset 400 FF er ætlað fyrir alls konar undirlag og steypuviðgerðir í þykktum allt að 150 mm og við hitastig niður að -10°C. Nota verður tilbúna múrblönduhræru innan 30 mínútna eftir blöndun svo hún missi ekki getu sína til að þenjast út.

Dæmi um notkun:

· Endurmótun og uppsteypa á járnbentum steinsteypubjálkum og súlum
· Grunnar og lögn á steinsteyptum plötum
· Grunnar fyrir uppsettan tækjabúnað
· Járnbrautarbitar og kranabrautir
· Einangrun á láréttum samskeytum án hreyfinga

TÆKNILEG EINKENNI

Nonset 400 FF er þurr múrblanda á sementsgrunni sem þenst út um 1 - 3 % áður en hún harðnar. Í múrblöndunni er sement, fínt síaður sandur, efni sem þenjast út og tryggja stöðugleika og þjálniefni. Múrblandan er mjög seigfljótandi og það þarf að hjúpa hana. **Nonset 400 FF** inniheldur íblöndunarefni sem valda því að sementið harðnar án þess að múrblandan „springi“, jafnvel þótt undirlags- og lofthiti sé allt niður í -10°C.
Nonset 400 FF uppfyllir meginkröfur þær sem lýst er í EN 1504-9 *„Vörur og kerfi til viðgerða á steinsteyptum mannvirkjum: Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og mat á samræmi. Almennar reglur um notkun á vörum og kerfum,“* og kröfur þær sem lýst er í EN 1504-3, *„Múrblanda til viðgerða á bæði burðareiningum og öðrum einingum af flokki R3.“*

RÁÐLEGGINGAR

· Ekki nota **Nonset 400 FF** á lóðrétta fleti nema hjúpa þá
· Ekki blanda sementi eða öðrum íblendiefnum út í **Nonset 400 FF**
· Ekki setja vatn út í blönduna þegar hún er byrjuð að harðna
· Ekki nota **Nonset 400 FF** ef pokinn er skemmdur eða hefur verið opnaður áðu

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Forvinnsla

Fjarlægja þarf lausa steypu og alla mengun af undirlaginu sem steypa á upp. Undirlagið verður að vera laust við ryk, olíu og fitu sem dregið gæti úr viðloðun. Yfirborðið ætti að vera nægilega grófgert. Vættu yfirborðið með hreinu vatni svo það sé nokkuð rakadrægt. Vættu það ekki, sé hitastig undir frostmarki.

Blöndun

Settu 3 - 4 lítra af volgu eða heitu vatni saman við 25 kílóa poka af **Nonset 400 FF** þannig að hitastig tilbúinnar múrblöndu sé um að bil +20°C til +30°C. Hrærðu í að minnsta kosti 3 mínútur þar til blandan er laus við alla kekki og fljótandi. Ekki bæta út í meira vatni og mjúkri múrblöndu en nauðsyn krefur, of mikið vatn getur valdið því að blandan skilur sig,

viðnámið versnar og árangur verksins verður lélegur. Hægt er að búa blönduna til með borvél og múrblönduþeytara, sé um að ræða minniháttar verk. Nota skal iðnaðarhrærivél eða steypuhrærivél fyrir stærri verkefni.

NOTKUN

Búa þarf til lokað steypumót, örugglega fest með 25 - 50 mm loftrými. Steypumótið þarf að vera hannað þannig að auðvelt sé að fylla það. Hafðu 10 til 20 mm bil til hliðar svo auðvelt sé að athuga fyllinguna og hrista upp í múrblöndunni. Mikilvægt er að hella í mótið frá einni hlið svo loft nái að hreinsast burt. Sé notast við dælu skal setja slönguna í mitt steypuformið svo blandan flæði í allar áttir.
Þegar steypt er, er múrblöndunni hellt í steypuformið. Sláðu gætilega á steypumótið og hreyfðu við blöndunni með viðeigandi verkfæri, t.d. stálstöng, þannig að blandan flæði auðveldlegar og ekki myndist loftbólur. Blanda verður og steypa upp samhangandi og án hlés þar til steypumótið er orðið fullt. Skynsamlegast er að nota viðeigandi dælubúnað fyrir stærri verkefni.

Yfirborðsmeðferð

Öruggasta og árangursríkasta leiðin til að ganga frá opnum yfirborðsfleti er að bera strax á hann yfirborðslag með **Mapecure 1**, sem vætt er næsta dag og síðan næstu 3 - 4 daga. Það er einnig árangursríkt að breiða yfir það plast og það er besta leiðin ef vinna á yfirborðið.

HREINGERNING

Hægt er að fjarlægja vota múrblöndu af verkfærum og búnaði með vatni. Harðnaða múrblöndu verður að skafa burt.

NOTKUN

1,9 til 2,0 kíló á lítra af tilbúinni múrblöndu.

UMBÚÐIR

Nonset 400 FF er afhent í 25 kílóa pokum.

GEYMSLA

Verður að geymast á þurrum stað. Ending 12 mánuðir í órofnum umbúðum.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar **www.mapei.no** okkar.
VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

AUÐKENNI VÖRU	
Styrktarflokkur samkvæmt EN 1504-3:	R3
Gerð:	CC
Útlit:	duft
Litur:	grár
Hámarks kornastærð (mm):	4,0
Innihald þurrefna (%):	100
Innihald klórs – lágmarkskröfur ≤ 0,05% - samkvæmt EN 1015-17 (%):	≤ 0,05

UPPLÝSINGAR UM NOTKUN (við +20°C - 50 % loftraka)	
Litur blöndu:	grár
Blöndunarhlutfall:	100 hlutar **Nonset 400 FF** í 12 - 16 hluta vatns (um það bil 3 - 4 ltr. á hvern 25 kílóa poka)

Þéttleiki blöndu:	fljótandi
Þéttleiki blöndu (kg/m³):	2 200
Sýrustig (pH) blöndu:	> 12
Hitastig við notkun:	frá -10°C til +5°C
Þensla (%):	1 - 3
Frárennsli vatns (%):	≤ 0,5
Endingartími hrærðrar blöndu:	um það bil 30 mínútur

ENDANLEG FRAMMISTAÐA (16 % íblandað vatn)

Einkenni frammistöðu	Prófunaraðferð	Lágmarkskröfur miðað við kröfur EN 1504-3 til múrblöndu í flokki R3	Frammistaða vöru
Þrýstistyrkur (MPa):	EN 12190	≥ 25 (eftir 28 daga)	Við -10°C: > 2,0 (eftir 2 daga) > 10 (eftir 7 daga) > 25 (eftir 28 daga) Við +20°C: > 30 (eftir 28 daga)
Sveigjustyrkur (MPa):	EN 196-1	Enginn	Við -10°C: > 0,5 (eftir 2 daga) > 2,5 (eftir 7 daga) > 5,0 (eftir 28 daga)
Viðnám gegn kolsýrumettun:	EN 13412	D_k < samanburðarsteinsteypa (MC(0,45))	Uppfyllir kröfur
Teygjanleikastuðull samþjöppunar (GPa):	EN 13412	≥ 15 (eftir 28 daga)	23,9 (eftir 28 daga)
Viðloðunarstyrkur við steinsteypu (MC 0,40 yfirborðsgerð hlutfall vatns/sements = 0,40) samkvæmt EN 1766 (MPa):	EN 1542	≥ 1,5 (eftir 28 daga)	> 2,0 (eftir 28 daga)
Hárpípufrásog ($kg/m^2 \cdot h^{0,5}$):	EN 13057	≤ 0,5	< 0,5
Hitasamhæfni við frysta/þíða umferð með afísunarsöltum mæld í samræmi við EN 1542 (MPa):	EN 13687-1	≥ 1,5 (eftir 50 umferðir)	> 2,0
Útsetningarflokkur (13 % íblandað vatn):	EN 206-1	Ekki krafist	X0/XC2/XF2
Viðbrögð við eldi:	Euroclass	Gildi gefið upp af framleiðanda	A1

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Öll afritun texta, ljósmynda og skýringarmynda sem birtar eru hér er bönnuð og varðar lögsókn.